

Reykjavík 27.10.2015

Sveitarfélagið Hafnafjörður.

Byggingarfulltrúi Hildur Bjarnadóttir.

Efni: Lögn ljósleiðararöra frá Ísal að aðveitustöðinni að Fitjum.

Orkufjarskipti hf., Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík, Kt. 561000-3520 áætla að hefja lögn á 3x20mm fjarskiptarörum frá Ísal að Fitjum.


Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka öryggi fjarskipta vegna stýringa á raforkukerfinu, og einnig er það markmið framkvæmdarinnar að umrædd leið geti um leið mætt eftirspurn annara, því er ákveðið að leggja 3x20mm fjarskiptarör til að nýta sem best framkvæmdina þar sem takmarkað rými er fyrir fleirri lagnir mefram Reykjanesbrautinni.

Verkefnið er unnið í samráði við Vegagerðina sem veitt hefur heimild fyrir framkvæmdinni en lögnin kemur til með að liggja að mestu milli akbrauta í innri vegöxl vestari akbrautar Reykjanesbrautar. Innan girðingar Ísals sem samþykkt hefur framkvæmdina verður lögnin dreginn í rökakerfi þeirra og í aðveitustöðina. Frá Ísal að tvöföldun Reykjanesbrautar verður lögnin í vegfláanum, og móts við Fitjar verður lögnin plægð frá veginum og í tengivirkið

Gert er ráð fyrir að hægt sé að plægja rörin niður að mestum hlut alla leið, þó er ljóst að stór hluti kaflans frá heimreið að Ísal (sem þarf að bora undir) og að tvöföldun Reykjanesbrautar verði að fleyga og grafa lögnina með veginum. Gert er ráð fyrir 12-15 tengibrunnum á allri leiðinni sem grafnir verða niður og munu ekki verða sýnilegir. Ljósleiðarastreng Orkufjarskipta verður síðan blásið í eitt af rörunum að loknum framkvæmdum.

Óskað er eftir framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins vegna ofangreindrar framkvæmdar, sjá meðfylgjandi loftmynd.

Með kveðju,



Benedikt Haraldsson

Verkefnastjóri

Sími: 515 9701

GSM: 899 9867

Netfang: benedikth@orkufjarskipti.is